

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Becromal

<b>Dagsetning</b>	25. ágúst 2011	<b>Fulltrúi(ar) UST</b>	Ólafur Kristinn Tryggvason og Bergþóra H. Skúladóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Becromal	<b>Starfsleyfi, gildir til</b>	31. 12. 2021
<b>Heimilisfang</b>	Krossanes, 600 Akureyri	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið eftirlit
<b>Kennitala</b>	590207-0120	<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Susanne Lieske
<b>Isat nr.</b>		<b>Staðsetning starfstöðvar (hnit)</b>	
<b>Starfsemi</b>	Aflþynnuframleiðsla		65° 42,168'N, 18° 7,023'W

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá starfsleyfi, lögum né reglugerðum komu í ljós í eftirlitinu og engar athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu.

### UMFANG EFTIRLITS

Byrjað var á að fara eftirlitsferð um verksmiðjuna þar sem sérstök áhersla var lögð á frárennsliskerfi, og mælingar í fráveitu ásamt eftirliti í rannsóknarstofu og lager þar sem geymsla efna var könnuð.

Stöðva varð sjálfvirka mælingu á fosfór skömmu fyrir eftirlitið og það tilkynnt strax til Umhverfisstofnunar. Á meðan á biluninni stendur fara handvirkar mælingar fram þrisvar á dag. Von er á viðgerðamanni frá Finnlandi 29. ágúst nk.

Að eftirliti í verksmiðju loknu var fundað og farið yfir niðurstöður mælinga, gögn og ákvæði í starfsleyfi ásamt öryggisblöðum, kvittunum fyrir móttöku úrgangs og spilliefna og einnig var farið yfir síðustu eftirlitsskýrslu. Ný uppfærð viðbragðsáætlun var afhent í eftirlitinu.

Öllum gögnum sem fyrirtækinu ber að skila til Umhverfisstofnunar hafði verið skilað á réttum tíma þegar eftirlitið fór fram.

### FRÁVIK

Engin frávik frá starfsleyfi, lögum né reglugerðum komu í ljós í eftirlitinu.

#### Athugasemd 1:

Engar athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu.



**Önnur atriði:**

Fyrirtækið fyrirhugar að taka bórsýru út úr framleiðsluferli sínu þar sem hún er komin í hættuflokk fyrir eitur. Í stað bórsýrunnar verður notuð sítrussýra og eplasýra.

Unnið er að því að finna annað efni til notkunar við þrif vélanna í verksmiðjunni í staðinn fyrir fosfórsýru og í því sambandi eru prófanir í gangi hjá systurfyrirtæki Becromal í Noregi.

Reykjavík, 2/9/2011

---

Ólafur Kristinn Tryggvason